

## **Fundargerð 17. fundar ferðamálaráðs – föstudagur, 16. ágúst 2013 kl. 10-11:45.**

Fundurinn var haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

**Mættir:** Svanhildur Konráðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Ásbjörn Jónsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Helga Haraldsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Dofri Hermannsson og Ólöf Ýrr Atladóttir boðuðu forföll.

**1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.**

### **2. Fjármögnun á uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða. Yfirlit yfir gjaldtökuleiðir.**

Árni Geirsson frá ALTA ehf., annar höfunda skýrslu sem ALTA vann fyrir Ferðamálastofu, mætti á fundinn.

ÁG fór ítarlega yfir þær leiðir sem kynntar eru í skýrslunni; m.a. virðisaukaskatt á gistingu (sem er að meðaltali 10,9 % í ESB), skatta á farþega skemmtiferðaskipa, gjald á störf í ferðaþjónustu, gjald á bílaleigubíla, brottfarargjald, gistináttgjald, aðgangseyri og náttúrupassa. Síðastnefndu leiðina taldi ÁG æði flókna og jafnvel að hún myndi opna „ormagryfju“. Allar leiðirnar kalli á svar við spurningunni „hver á að líða fyrir gjaldtöku?“.

Fundarmenn töldu að skýrslan vekti fleiri spurningar en hún svaraði og að mikilvægt væri að ná sem fyrst niðurstöðu um raunhæfar aðgerðir. ÁG svaraði greiðlega fjölmörgum spurningum og vangaveltum fundarmanna og benti jafnframt á að með rannsóknum og almennri stefnu um uppbyggingu ferðamannastaða hefði e.t.v. verið hægt að komast nær niðurstöðu eða ábendingu um skynsamlega aðferð.

Aldís Hafsteinsdóttir benti á mikinn vanda sveitarfélaga með niðurnídda ferðamannastaði en til þeirra þurfi mikla fjármuni þegar í stað. Var hún með myndir af Hengilssvæðinu máli sínu til stuðnings.

Eftir að ÁG fór af fundi spurði formaður hvort ferðamálaráð teldi sig geta sent ráðherra álit eða tillögu eftir þennan fund. Ráðið taldi skýrslu ALTA fyrir Ferðamálastofu ekki vera nægilega skýran grundvöll fyrir tillögu til ráðherra. Bent var á að öllum líkindum þyrfti að nýta fleiri leiðir en eina samhliða.

Þá var bent á þann möguleika að fjármunirnir rygnu að hluta til beint til sveitarfélaga og einnig að ríkið kæmi með 50% framlag á móti því sem aflast með einhverri af ofangreindum gjaldtökuleiðum.

Ferðamálaráð samþykkti að koma því á framfæri við ráðherra að það vildi hafa til hliðsjónar fyrirhugaða kynningu á viðamikilli úttekt sem er á lokametrinum (á vegum Icelandair Group, Isavia, Bílaleigu Akureyrar og Bláa lónsins) og taka afstöðu til gjaldtökuleiða þegar hún liggur fyrir eigi síðar en um miðjan september 2013.

Fundi var slitið kl. 11:45.